



# SÝSLUMAÐURINN Í BOLUNGARVÍK

Aðalstræti 12 • 415 Bolungarvík • Kt. 500674-0599 • Sími 456 7222 • Bréfasími 456 7573

Bolungarvík, 25. nóvember 1997.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 122/267*  
*komudagur 26.11.197*

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri við Templarasund,  
150 REYKJAVÍK.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um dómstóla, 176. mál.

Vísað er til bréfs Sólveigar Pétursdóttur, formanns allsherjarnefndar Alþingis, til embættisins, dags. 6. þ.m., varðandi umsögn um frumvarp til laga um dómstóla, 176. mál.

Þótt undirritaður hafi ekki komið við nema lauslegri athugun á efni frumvarpsins verður ekki séð, að efni séu til að gera við það sérstakar athugasemdir. Þvert á móti þykir mega hvetja til að meginefni þess verði samþykkt enda ætti það, ef að lögum verður, að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna.

Undirritaður leyfir sér að nota þetta tækifæri til að fagna þeirri nýbreytni, að frumvörp, sem eru til umfjöllunar á hinu háa Alþingi og tengjast viðfangsefnum sýslumannsembættis, skuli send embættunum til umsagnar.